

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 11 í stjórn Herjólfss ohf. haldinn föstudaginn 26. október 2018, kl. 15:00 (símafundur).

Mættir eru: Lúðvík Bergvinsson stjórnarform. (LB) Grímur Gíslason (GG), Arndís Bára Ingimarsdóttir (ABI), Páll Guðmundsson (PG) og Birna Þórsdóttir (BP) og Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins (GEJ).

(LB, GG, ABI og GEJ eru stödd á skrifstofu Bonafide í Reykjavík. PG staddur í Póllandi og BP stödd í Vestmannaeyjum).

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir komu fram um boðunina.

Dagskrá fundarins:

1. Úrsögn úr stjórn, nýr stjórnarmaður og kosning nýs varaformanns

Með tölvupósti dags. 10. október sl. var stjórnarformanni félagsins tilkynnt af Dóru Björk Gunnarsdóttur, varaformanni stjórnar, um þá ákvörðun hennar að hún hefði sagt sig úr stjórn Herjólfss ohf. Stjórnin þakkar samstarfið og óskar henni velfarnaðar.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 63. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, sbr. lög 13/2010 um kynjahlutföll í stjórnnum opinberra hlutafélaga, boðaði stjórnarformaður Birnu Þórsdóttur kjörinn varamann í stjórn félagsins á fund stjórnar í dag sem nýjan stjórnarmann. Er hún boðin velkomin til starfa.

Stjórnarformaður leggur til að GG verði kjörinn varaformaður stjórnar.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóra er falið að tilkynna um breytingar á stjórn félagsins til Hlutafélagaskrár.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra um stöðu undirbúnings vegna komu skipsins og yfirtöku félagsins á rekstri Herjólfss.

Framkvæmdastjóri fór munnlega yfir þau atriði sem hann hefur unnið að frá því að hann kom til starfa þann 1. október sl., en í frásögn hans kom m.a. fram að hann hefur að undanfögnu unnið að neðangreindum verkefnum og fundað með tilteknum aðilum af þeim sökum. Upptalningin er ekki tæmandi, en stiklað á stóru í því sem fram kom hjá framkvæmdastjóra:

- Fundur með forsvarsmanni núverandi rekstraraðila.
- Unnið að frágangi á fyrirliggjandi drögum að siglingaáætlun og drögum að gjaldskrá.
- Fundur með núverandi starfsmönnum Herjólfss.
- Fundir með ferðaþjónustuaðilum.
- Fundur með framkvæmdastjóra ÍBV.

- Unnið að því að hægt verði að bóka í ferðir vegna næsta árs sem fyrst.
- Fundir með Samgöngustofu, Vegagerðinni og fleiri aðilum sem vinna þarf með vegna yfirtöku félagsins á rekstri ferjunnar.
- Staða starfsmannamála.
- Vinnuskýrslur vegna starfa starfsmanna félagsins í Póllandi.
- Staða gerð skirteina sem þurfa að liggja fyrir við komu skipsins til landsins.
- Nauðsynlegar breytingar á tímalengd samnings um reksturinn vegna seinkunar á komu skipsins.
- Ferð skipstjóra í hermi í Danmörku.
- Fundað með starfsmönnum Analytica vegna gerðar rekstraráætlunar næsta árs.
- Fyrirkomulag bókhalds til framtíðar.
- Ofll., ofl.

Stjórnarformaður þakkar framkvæmdastjóra góða yfirferð og lýsingu á stöðu undirbúningsvinnu sem er í gangi vegna yfirtöku félagsins á rekstri Herjólf. Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu eru öll þau mál sem unnið er að nú um stundir í góðum farvegi og ekkert það atriði sem vitað er um, á þessum tímapunkti, sem ekki á að hafa verið klárað þegar skipið kemur til landsins og hefur áætlunarsiglingar milli lands og Eyja, þann 30. mars nk.

3. Siglingaáætlun næsta árs og gjaldskrá.

Lagðar eru fram tillögur um siglingaáætlun hins nýja skips vegna næsta árs, og gjaldskrá, til afgreiðslu stjórnar.

1) Siglingaáætlun

Lagt er til að frá og með 30. mars 2019 muni Herjólfur sigla sína fyrstu ferð frá Vestmannaeyjum kl. 07.00 og frá Landeyjarhöfn kl. 08.15. Skipið muni sigla sjö ferðir á dag. Skipið muni sigla á 75 mínútna fresti úr hvorri höfn. Síðustu ferðir skipsins munu vera kl. 22.00 frá Vestmanneyjum og síðan 23.15 frá Landeyjahöfn. Nánar tiltekið var framlögð tillaga um siglingaáætlun skipsins þessi:

Sigling til Landeyjahafnar

Frá Vestmannaeyjahöfn

Kl. 07.00.
Kl. 09.30.
Kl. 12.00.
Kl. 14.30.
Kl. 17.00.
Kl. 19.30.
Kl. 22.00.

Frá Landeyjahöfn

kl. 08.15
kl. 10.45.
kl. 13.15.
kl. 15.45.
kl. 18.15.
Kl. 20.45.
kl. 23.15.

Ef sigla þarf til Þorlákshafnar:

Frá Vestmannaeyjahöfn

Kl. 07:00

Kl. 15:30

Frá Þorlákshöfn

10:45

19:15

2) Gjaldskrá

Í samræmi við viðræður sem áttu sér stað í tengslum við samningsgerð um yfirtöku félagsins á rekstri skipsins er lögð fram tillaga um að gjaldskrá félagsins verði sett upp á þann hátt að meginstefnu til að einstaklingar með lögheimili í Vestmannaeyjum greiði kr. 800 fyrir hverja einstaka ferð, en aðrir greiði kr. 1600. Ekki er ráð fyrir því gert að breyting verði gerð á verði sem greitt er fyrir bifreiðir frá því sem nú er. Gert er ráð fyrir sama verði fyrir farþega og bifreið, hvort heldur skipið sigli í Landeyjahöfn eða Þorlákshöfn.

Nánar tiltekið er sú gjaldskrártillaga sem lögð er fram á fundinum eftirfarandi og ætlað er að gilda frá og með 30. mars 2019, eftirfarandi:

	Íbúar með lögheimili í Eyjum	
Fullorðnir	1.600,-	800,-
Börn 12 – 15 ára	800,-	400,-
Ellilífeyrisþegar, öryrkjar og námsmenn	800,-	400,-
Börn yngri en 12 ára	0,-	0,-
Farartæki		
Reiðhjól	800,-	400,-
Bífhjól	1.600,-	800,-
Bifreiðar undir 5 m að lengd	2.300,-	1.150,-
Bifreiðar yfir 5 m að lengd	3.000,-	1.500,-
Farartæki m / vagn, kerru, hjólhýsi ofl. 6 – 10 m	6.000,-	3.000,-

Ráð er fyrir gert að skipið verði mannað tvöföldum vöktum sem skipti í Vestmanneyjum.

Bæði siglingaáætlun og tillaga stjórnar að gjaldskrá eru lagðar fram og samþykktar með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

4. Lokað útboð vegna gerðar nýrrar heimasíðu og bókunarkerfis

Framkvæmdastjóri fór yfir þá fundi sem hann hefur átt með vefráðgjöfum vegna fyrirhugaðs útboðs um næstu mánaðamót um gerð nýrrar heimasíðu og nýs bókunarkerfis og eftir atvikum hýsingu og gerð hugbúnaðarkerfis og lagði fram drög að útboðslýsingu.

Lögð er fram tillaga um að fjórum fyrirtækjum, sem þegar hefur verið rætt við og öll er vel í stakk búin til að vinna þetta verkefni, verði boðin þátttaka í útboðinu.

Tillaga lögð fram um að framkvæmdastjóra verði falið í samræmi við þann undirbúning sem átt hefur sér stað að ljúka við gerð útboðslýsingar og senda á hana á þau fyrirtæki sem rætt hefur verið við um þátttöku í hinu lokaða útboði. Lögð er á það áhersla að útboðslýsingin verði send fyrirtækjunum sem fyrst og eigi síðar en um næstu mánaðamót.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál

5.1. Rætt var um hvort heimila eigi varmönnum sæti á stjórnarfundum félagsins og/eða völdum stjórnarfundum sem áheyrnarfulltrúum. Sjónarmið rædd. Engin ákvörðun tekin.

5.2. Rætt um að senda út fréttatilkynningu um siglingaáætlun og gjaldskrá síðar í dag, eftir að stjórnarmenn hafa samþykkt fundargerðina og hún send Vestmannaeyjabæ.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið um kl. 16:17.

Fundargerð ritaði ABI, ritari stjórnar.